

## AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 164 1. júní 1973, um útdrátt vinninga í happdrættis-  
láni ríkissjóðs 1973, skuldabréf B.

### 1. gr.

Í 1. gr. komi orðið "fulltrúa" í stað "forstöðumanni".

### 2. gr.

Í b-lið 2. gr. falli niður eftirfarandi orð: "og þannig úr garði gert, að vinnings  
minniseiningar úr kjarnaminni tölvunnar séu notaðar".

### 3. gr.

Í 4. gr. komi orðið "Fulltrúi" í stað orðsins "Forstöðumaður".

### 4. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 26 frá 13. mars 1973 og  
öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 10. september 1975.*

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

*Þorsteinn Geirsson.*

22. september 1975.

Nr. 422.

## REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1975.

### 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber  
að greiða fyrir árið 1975, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30  
29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

|              |       |               |
|--------------|-------|---------------|
| I. flokkur   | ..... | kr. 32 000.00 |
| II. flokkur  | ..... | — 26 000.00   |
| III. flokkur | ..... | — 20 000.00   |
| IV. flokkur  | ..... | — 14 000.00   |
| V. flokkur   | ..... | — 8 000.00    |

### 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,  
Reykjavíkur Apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar,  
Apótek Keflavíkur,  
Laugavegs Apótek.
- III. flokkur: Akureyrar Apótek,  
Hafnarfjarðar Apótek,  
Holts Apótek,

Ingólfs Apótek,  
Stjórnu Apótek,  
Vesturbæjar Apótek.

IV. flokkur: Akranes Apótek,  
Apótek Vestmannaeyja,  
Borgar Apótek,  
Garðs Apótek,  
Háaleitis Apótek,  
Ísafjarðar Apótek,  
Kópavogs Apótek,  
Laugarnes Apótek,  
Lyfjabúð Breiðholts,  
Selfoss Apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,  
Apótek Blönduóss,  
Apótek Neskaupstaðar,  
Árbæjar Apótek,  
Borgarnes Apótek,  
Dalvíkur Apótek,  
Húsavíkur Apótek,  
Patreks Apótek,  
Sauðárkróks Apótek,  
Siglufjarðar Apótek,  
Stykkishólms Apótek.

### 3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins,  
Pharmaco hf.,

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

### 4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér

I. flokkur: G. Ólafsson hf.,  
Lyfjaverslun ríkisins,  
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.,  
Hermes sf.,  
Pharmaco hf.

III. flokkur: H. Ólafsson & Bernhöft,  
Lyf sf.

### 5. gr.

Héraðslæknar sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt V. flokki.

### 6. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisfóhriðis fyrir 15. desember 1975. Gjaldið er lögtakskræft.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

17. september 1975.

Nr. 423.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

### I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A. Lýsing.

- A 1. Um kWst.-mæli á kr. 22.55 hver kWst.
- A 2. Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 100.00 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa skal.
- A 3—6 Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

- B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:
  - a. Orkugjald kr. 9.40 hver kWst.
  - b. Grunn gjald (mælisleiga innifalín):  
Af einfasmælingu kr. 1 000.00 á ári.  
Af þrifasmælingu kr. 2 000.00 á ári.
  - c. Herbergisgjald kr. 1 000.00 á ári.  
Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.  
Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.  
Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatamál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

#### C. Vélanotkun.

- C 1. Um kWst.-mæli á kr. 16.30 hver kWst.  
Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWst. á ári á hvert kW í málraun véla.
- C 2. Um kW/kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:
  - a. Aflgjald af mældu afli kr. 11 645.00 á hvert kW á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalág ársins.